

99. fundur stjórnar Fræðslunets Suðurlands í Iðu 3. maí 2012, kl. 16.30

Mætt: Gunnar Bragi Þorsteinsson, Þór Hreinsson, Magðalena Jónsdóttir, Ingvar Pétur Guðbjörnsson og Gylfi Þorkelsson, sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ásmundur Sverrir Pálsson, frkv.stj.

Dagskrá:

1. Tillaga að nýrri skipulagsskrá FnS.

Tillaga að breytingum á skipulagsskrá FnS til umræðu. Stjórn samþykkir þær breytingatillögur sem fyrir liggja.

2. Húsnæðismál.

Fyrir liggur að FnS flytur ekki í nýtt húsnæði fyrir haustið. Það getur ekki orðið fyrir en í desember næstkomandi, fyrir vorönn 2013. Á fundinum voru til skoðunar teikningar að breytingum á Sandvíkurskóla fyrir starfsemi FnS, HfSu og þeirra aðila annarra sem flytja munu í húsið. Stjórn samþykkir að vinna áfram að málinu á grunni fyrirbyggjandi hugmynda.

3. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri kynnti. Breytingar sem stjórn hefur samþykkt á launum, starfshlutfalli og akstursgreiðslum hafa áhrif á rekstraráætlun FnS til hækkunar um rúmlega eina milljón króna. Stjórn felur frkv.stj. að aðlaga rekstraráætlun í samræmi við þetta.

4. Vorönn 2012

Frkv.stj. kynnti. Hingað til hafa verið haldin 62 námskeið á önninni. Þar sem öllum námskeiðum er ekki lokið liggja ekki fyrir tölur um nemendafjölda eða nemendastundir. Á Hvolsvelli sóttu 188 nemendur 13 mismunandi námskeið, alls 6.681 nemendastund. Stjórn fagnar því blómlega starfi sem fjöldi námskeiða, fjölbreytni þeirra og nemendafjöldi er til vitnis um.

5. Undirbúningur haustannar 2012

Undirbúningur er kominn af stað. Markmiðið er að hafa sem breiðast framboð námskeiða, auk hinna föstu, stóru námskeiða.

6. Önnur mál.

Fræðslunetið stefnir á skólaferðalag austur á Höfn í Hornafirði, enda eru líkur á því að fræðslumiðstöðin þar sameinist FnS um næstu áramót.

Í Osló er námskeið í byrjun júní um sköpun, nýsköpun og frumkvöðlastarf í fullorðinsfræðslu. Stefnt er að því að hluti starfsmanna FnS fari á þá ráðstefnu.

Fundi slitið kl. 17.50